

Alþingi  
Nefndasvið  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á [nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

Reykjavík, 29. október 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 123. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar tækifærið til að gera umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni). Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilfagstétta sem starfa í barnavernd og sem sérfræðingar í málefnum barna hjá Sýslumannsembættinu.

Um er að ræða frumvarp sem kom fram á 146. löggjafarþingi 2016–2017. Þingskjal 559 — 426. mál og er nú endurflutt. Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd sendi umsögn dags 26. maí 2017 við fyrra frumvarp. Þar var vakin athygli á því að barnalögum nr. 76/2003 breytt árið 2012. Sú breyting hafi falið í sér að umgengnismál, sem áður komu til umsagnar hjá barnaverndarnefndum, voru alfarið unnin hjá sýslumannsembættunum. Kom fram það mat Fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd að sú breyting hafi orðið til bóta fyrir vinnslu umsagnarmála. Áður hafi málin verið bæði unnin hjá sýslumannsembættunum og hjá barnaverndarnefndum og verkaskipting oft á tíðum óljós. Starfsfólk barnaverndarnefnda unnu þessi mál á grundvelli barnalaga en ekki barnaverndarlaga og var mögulegt að málefni sama barns væri jafnframt til vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga á sama tíma, sem gat gert málin enn flóknari, sérstaklega fyrir málsaðila. Bent var á það að ef frumvarpið yrði að lögum myndi það flækja vinnslu umgengnismála þar sem vinnslan færðist aftur á tvær hendur.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að verði frumvarpið að lögum megi gera ráð fyrir auknu álagi á barnaverndaryfirvöld, a.m.k. til að byrja með. Vert er að hafa í huga að álag á barnaverndarnefndir landsins er mjög mikið og hefur verið um árabil. Í umsögn Fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd frá 26. maí 2017 kemur fram það mat fagdeildarinnar að ekki væri raunhæft að auka álag á starfsmenn nefndanna, og því þyrfti að fjölga starfsfólki yrði frumvarpið að lögum. Bent var á að skynsamlegra væri að styrkja sýslumannsembættin svo hægt yrði að sinna málum er varða tálmannir á umgengni á fljótari og skilvirkari hátt. Jafnframt benti Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd á að þó beita þurfi foreldra sem tálma umgengni barna við

umgengnisforeldra ákveðnum refsingum væri of langt gengið með tillögu um allt að fimm ára fangelsi.

Það er erfitt að rökstyðja það með vísan í barnasáttmála Sameinuðuþjóðanna að það geti verið bestu hagsmunir barna að taka þau úr umsjá móður eða föður og svipta það samvistum við foreldri sem væri gert að afplánaða fangelsisvist vegna tálmunar á umgengni. Hér er um að ræða flókið og viðkvæmt úrlausnarefni sem betra er að leysa án slíkra úrræða. Í þeim tilvikum þar sem grunur er um að börn búi við vanrækslu og ofbeldi eiga önnur ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002 við hér sem endra nær.

Álag á starfsfólk barnaverndarnefnda hefur ekki minnkað á sl. tveimur árum nema síður sé. Þá er vert að benda á að félagsmálaráðuneytið stendur nú fyrir endurskoðun á þjónustu við börn og fjölskyldur. Felur það m.a. í sér heildarendurskoðun á barnaverndarlögum nr. 80/2002 sem og félagsþjónustulögum nr. 40/1991 sem getur haft áhrif á skipulag þjónustu vegna málefna barna og því ekki tímabært að gera breytingar á úrræðum vegna tálmunar.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagaráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður